

Nd.

327. Frumvarp til laga

um framkvæmd viðgerða á íslenskum skipum.

Flm.: Ísleifur Högnason.

1. gr.

Eigendur íslenskra skipa skulu skyldir að láta framkvæma allar viðgerðir á skipum sínum hér á landi, með þeim undantekningum og skilyrðum, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Ef skip bilar í hafi, en er þó sjálfrátt ferða sinna, skal sigla því til íslenskrar hafnar til viðgerðar, nema svo sé ástatt, að öryggi skips og áhafnar þyki betur borgið með því að halda skipinu til erlendrar hafnar.

3. gr.

Þær einar smiðjur mega taka að sér viðgerð stórskipa, sem fá til þess sérstaka löggildingu. Um löggildingu þessa fer eftir reglugerð, sem atvinnumálaráðherra setur um það efni.

4. gr.

Ef engin löggilt smiðja getur tekið að sér viðgerð á skipi, þá er eiganda skipsins frjálst að sigla skipinu til annars lands hafnar og fá þar viðgerð.

5. gr.

Nú vill eigandi skips, umboðsmaður eða vátryggjandi láta fram fara viðgerð á skipi, en ekki næst samkomulag um verð á viðgerðinni eða hann dregur í efa, að fullnægjandi viðgerð fái sér hér á landi, og neitar af þeim sökum að gera samning um viðgerðina við hérlenda smiðju, og er honum þá eigi að síður óheimilt að senda skipið til annars lands við viðgerðar, nema því aðeins, að hann hafi áður fengið álit sitt staðfest með úrskurði gerðardóms.

6. gr.

Gerðardómur, sem nefndur er í 5. gr., skal skipaður þannig:

Eigandi skips eða umboðsmaður hans tilnefnir 1 mann í dóminn, vátryggjandi skipsins tilnefnir 1 mann. Félag járníðnaðarmanna í Reykjavík tilnefnir 1 mann og forstjórar löggiltra smiðja tilnefna í sameiningu 1 mann, en skipaskoðunarstjóri ríkisins er sjálfkjörinn oddamaður.

Gerðardómur skal hraða úrskurði sínum svo sem verða má, að sem minnst um tófum valdi eða бага fyrir skipseigendur.

7. gr.

Nú berst lögreglustjóra kæra um, að misbeitt hafi verið ákvæðum 2. gr., og telur hann, að ekki hafi verið um skýlaust brot að ræða, skal hann þá vísa málinu til gerðardóms, er um ræðir í 6. grein.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, allt að 10000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Greinargerð.

Frumvarp líkt þessu var flutt á þingi 1936 og fyrra þingi 1937 af Páli Þorbjörnssyni, en náði ekki fram að ganga. og vísast til greinargerðar þeirrar, er fylgdi því 1936.

Nánar í framsögu.